

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 355. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 3. mars 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Kynning á starfsemi Bjargs, íbúðarfélags – fulltrúar mæta á fundinn í gegnum Teams.
- 2) Fundargerð 330. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 1. mars 2022.
- 3) Fundargerðir 206. og 207. fundar menningarnefndar, dags. 19. janúar og 7. febrúar 2022.
- 4) Fundargerð 174. fundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 8. febrúar 2022.
- 5) Fundargerð 199. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 18. janúar 2022.
- 6) Fundargerð 166. fundar stjórnar SSV, dags. 26. janúar 2022.
- 7) Fundargerðir 441. og 442. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 21. jan. og 18. feb. 2022.
- 8) Fundargerðir 906 og 907. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. og 25. feb. 2022.
- 9) Fundarboð aðalfundar SSV sem haldinn verður miðvikudaginn 16. mars 2022.
- 10) Bréf frá Kára Viðarsyni, dags. 22. febrúar 2022, varðandi sjóböð í Krossavík.
- 11) Bréf frá Lionshreyfingunni, ódags., varðandi Rauðu fjöðrina.
- 12) Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 21. febrúar 2022, varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022.
- 13) Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 18. febrúar 2022, varðandi stofnframlög ríkisins.
- 14) Tilnefning í velferðarnefnd.
- 15) Minnisþing bærarstjóra.

Snæfellsbæ, 1. mars 2022
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Kristinn Jónasson

From: Anna Kristín Björnsdóttir <anna@bjargibudafelag.is>
Sent: mánudagur, 31. janúar 2022 11:28
To: Snæfellsbær; Kristinn Jónasson; Júníana Björg Óttarsdóttir
Subject: Kynning á starfsemi Bjargs íbúðafélags
Attachments: Samstarf um uppbyggingu leiguíbúða.pdf; Kynning Bjarg íbúðafélag 2022.pdf

Góðan daginn,

Við viljum hér kynna starfsemi Bjargs íbúðafélags og kanna áhuga á samstarfi um uppbyggingu hagkvæmra leiguíbúða.

Bjarg er sjálfseignarstofnun rekin án hagnaðarmarkmiða, félagið var stofnað í september 2016 af Alþýðusamband Íslands og BRSB og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Bjarg vinnur samkvæmt lögum um almennar íbúðir og hefur að leiðarljósi veita leigutökum hvar sem er á landinu húsnæðisöryggi í vönduðu húsnæði.

Sjá meðfylgjandi kynningu á félaginu og á uppbyggingu þess. Þá er velkomið að nálgast okkur í s. 510-8100 ef frekari upplýsinga er óskað.

Með kveðju
Anna Kristín Björnsdóttir
Fjármálafulltrúi



anna@bjargibudafelag.is
www.bjargibudafelag.is

330. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 1. mars 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:


- 1) Bréf Ragnhildi Sigurðardóttur, dags. 8. febrúar 2022, varðandi ákvörðun um mögulegt UNESCO MAB svæði á Snæfellsnesi.
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða erindið frá stjórn Svæðisgarðsins og lýsir hér með vilja sínum til þess að sveitarfélagið verði hluti af vistvangi, þ.e. UNESCO Man and Biosphere svæði.
- 2) Umsókn frá Árna Rúnari Kristjánssyni, dags. 2. febrúar 2022, að fá að halda hundinn Þrumu.
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 3) Umsóknir frá Baldvini L. Ívarssyni, ódags., að fá að halda kettina Össa, Snotru og Skottu.
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 4) Bréf frá Þórunni Káradóttur, dags. 7. febrúar 2022, varðandi úrsögn úr velferðarnefnd.
Bæjarráð samþykkir úrsögnina samhljóða og þakkar Þórunni setu hennar í velferðarnefnd.
Bæjarstjórn mun tilnefna nýjan nefndarmann á næsta fundi í mars.
- 5) Bréf frá íbúum í Engihlíð 18, dags. 31. janúar 2022, varðandi viðhaldsmál í blokkinni.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að senda erindið til umsjónarmanns fasteigna og tæknideildar og fela þeim að skoða þessi mál.
- 6) Bréf frá stjórn Félags eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. í febrúar 2022, varðandi Vallholt 1.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að bjóða stjórn Félags eldri borgara til fundar við bæjarráð.
- 7) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2022, varðandi auglýsingu um framboð í stjórn LS.
Lagt fram til kynningar.
- 8) Bréf frá Bjargi, íbúðafélagi, dags. 31. janúar 2022, varðandi samstarf um uppbyggingu leiguíbúða.
Fulltrúar Bjargs munu mæta með kynningu á verkefninu á næsta fund bæjarstjórnar þann 3. mars n.k.
- 9) Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 1. febrúar 2022, varðandi könnun bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB.
Lagt fram til kynningar.
- 10) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. janúar 2022, varðandi stofnfund húsnæðis-sjálfseignarstofnunar fyrir landsbyggðina.
Lagt fram til kynningar.
- 11) Minnispointar bærarstjóra.
 - a) Bærarstjóri fór yfir stöðuna á Jaðri vegna covid.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35


Alf FS.
JBB
J


Jónína Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarsjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

206. fundur miðvikudagur 19.janúar 2022 kl. 12:00 – 13:00, Átthagastofa

Fundinn sátu: *Erla Gunnlaugsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Rut Ragnarsdóttir*

og Svandís Jóna Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði *Rut Ragnarsdóttir.*

Dagskrá

Svandís Jóna tekur sæti í menningarnefnd fyrir J-listann.

Kolbrún Pálsdóttir sækir um styrk fyrir hönd Þorablótsnefndar uppá kr. 200.000,- fyrir vinnslu á upptökum á leikatriðum sem sýnt verður fyrir íbúum rafrænt.

Samþykkt að veita kr. 150.000,- í verkefnið.

Rímna listasmiðja í samstarfi við íþótta- og æskulýðsfulltrúa. Fyrirhugað er að bjóða eldri börnum Snæfellsbæjar upp á listasmiðju í rímni. Er í ferli og verður skoðað samhliða barnamenningarhátíð.

Hinsegin hátíð á Vesturlandi og fleira rætt.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

207. fundur mánudagur 7.febrúar 2022 kl. 12:00 – 13:00, Áttthagastofa

Fundinn sátu: *Erla Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður Víglundsóttir, Rut Ragnarsdóttir*

og Svandís Jóna Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði *Rut Ragnarsdóttir.*

Dagskrá

Skógræktarfélag Ólafsvík óskar eftir styrk vegna uppsetningu á söguskiltum sem segja frá kaupmennsku Ólafsvíkur.

Nefndin lýsir ánægju sinni með verkefnið og samþykkir styrk kr. 200.000,-

Stjórn Sandara- og Rifsaragleði óskar eftir styrk að kr. 200.000,- til hátíðarinnar.

Nefndin hefur sl.ár lagt kr. 200.000,- til bæjarhátíða og samþykkir erindið.

Mínir menn óska eftir styrk að kr. 500.000,- til að halda tónleika á Sandara- og rifsaragleði n.k. sumar.

Samþykkt að veita styrk að kr. 100.000,-

Fyrirhuguð barnamenningarhátíð og fleiri mál rædd.

<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>ÞORSTEINN NARFASON</p> <p>Kennitala: 200366-5069 2022-02-09 08:46:24 GMT Ástæða: Undirskrift</p>	<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>KARITAS JÓNSDÓTTIR</p> <p>Kennitala: 161285-3239 2022-02-09 09:18:12 GMT Ástæða: Undirskrift</p>	<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>BRYNJA ÞORBJÖRNSDÓTTIR</p> <p>Kennitala: 070658-2089 2022-02-09 10:52:33 GMT Ástæða: Undirskrift</p>	<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>JAKOB BJÖRGVIN JAKOBSSON</p> <p>Kennitala: 060982-5549 2022-02-09 13:04:24 GMT Ástæða: Undirskrift</p>
<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>SILJA EYRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR</p> <p>Kennitala: 070282-3219 2022-02-09 13:19:37 GMT Ástæða: Undirskrift</p>	<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR</p> <p>Kennitala: 091072-4759 2022-02-09 13:46:28 GMT Ástæða: Undirskrift</p>	<p>Fullgild rafraen undirskrift</p> <p>AUÐUR KJARTANSDÓTTIR</p> <p>Kennitala: 230891-2309 2022-02-09 19:48:38 GMT Ástæða: Undirskrift</p>	



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

174. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams var haldinn þriðjudaginn 8. febrúar 2022 kl: 11:00

Mættir: Karitas Jónsdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson, Silja Eyrún Steingrimsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Auður Kjartansdóttir. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Málefni Steypustöðvarinnar í Borgarnesi- stöðvun starfsemi starfsmannabústaða
Málið var áður á dagskrá á fundum þann 13. desember 2021, 27. desember 2021 og 17. janúar 2022. Málið fjallar um fyrirhugaða stöðvun starfsemi starfsmannabústaða að Engjaási 1 og Þórólfs götu 10a þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir og ýmis frávik eru í rekstrinum.

Engin andmæli, athugasemdir, skýringar eða gögn bárust heilbrigðisnefnd við ákvörðun nefndarinnar dags. 17. janúar 2022. Fyrri ákvörðun nefndarinnar stendur því óbreytt. Heilbrigðisnefnd tilkynnir því hér með um að loka skuli starfsmannabústöðum að Þórólfs götu 10a og Engjaási 1, Borgarnesi og er Steypustöðinni ehf. hér með veittur frestur til 1. mars 2022 til að rýma starfsmannabústaðina og hætta allri starfsemi þar. Heilbrigðisnefnd er rétt og skylt að vekja athygli á að skv. 61. gr. laga nr. 7/1998, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verk á kostnað aðila sem ekki sinnir fyrirmælum innan gefins frests. Þá er heilbrigðisnefnd heimilt að leggja dagsektir á aðila þar til úr er bætt.

Heilbrigðisnefnd mun upplýsa Umhverfisstofnun um þetta frávik skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. 55. gr. laganna þar sem til álita getur komið að beita stjórnvaldssektum, skv. 67. gr. laganna, en skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. getur Umhverfisstofnun lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem hefur atvinnurekstur án þess að hafa til þess starfsleyfi.

2. Umsagnir
Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 2.1 Aðalskipulagsbreyting vegna breytinga á íbúðasvæði Borgarnesi. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dags. 30. desember 2021.
- 2.2 Deiliskipulagsbreyting í Bjargslandi II (Egilsholt 4) í Borgarnesi. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dags. 12. janúar 2022.

Snæfellsbær

2.3 Deiliskipulagsbreyting vegna breytts íbúðarsvæði (ÍB04) á Hellilssandi. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dags. 11. janúar 2022.

Hvalfjarðarsveit

2.4 Tillaga að deiliskipulagi í Réttarhaga í landi Leirár. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dags. 4. janúar 2022.

Stykkishólmsbær

2.5 Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Súgandisey. Umsögn send dags. 14. janúar 2022. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 14. janúar 2022.

Kjósarhreppur

2.6 Deiliskipulagstillaga fyrir Nesveg 1,3 og 5 í landi Flekkudals. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dags. 29. desember 2021.

Umsagnir til Skipulagsstofnunar

2.7 Fyrirspurn um umhverfismat vegna Laxárdalsvegur í Dalabyggð og Húnaþingi Vestra. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dags. 24. janúar 2022 til Vegagerðarinnar.

3. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

3.1 Norðurál Grundartangi ehf. Endurnýjað leyfi fyrir mötuneyti Norðuráls á Grundartanga. Gildistími er 12 ár.

3.2 KM Þjónustan ehf Vesturbraut 20 í Búðardal. Nýtt leyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, ásamt leyfi fyrir vörugeymslum tengdum vöruflutningum. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.

3.3 Steypustöðin ehf., Engjaási 2, Borgarnesi. Handhafabreyting. Fyrri rekstraraðili var Loftorka Borgarnesi ehf. Leyfið gildir til 22. nóvember 2023.

3.4 Pollur Bílaþvottur ehf. Esjubraut 49 á Akranesi. Leyfi fyrir handvirka bón- og bílaþvottastöð var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust. Gildir til 12 ára.

3.5 Borgarbyggð. Félagsheimilið Þinghamar. Endurnýjað leyfi fyrir samkomustað. Leyfið gildir til 12 ára.

3.6 Veiðifélag Norðurár, Veiðihúsið á Rjúpnahæð Norðurárdal. Leyfi fyrir gististað 17-50 manns. Leyfið gildir í 12 ár.

3.7 Borgarbyggð. Leyfi fyrir félagsmiðstöð og samkomustað í Samkomuhúsinu Óðal, Gunnlaugsgötu 8a, Borgarnesi. Leyfið gildir í 12 ár.

3.8 Clippers ehf, Skagabraut 43, Akranesi. Leyfi fyrir söluturn með óvarin matvæli og matsölustað fyrir 16 gesti. Leyfið gildir í 12 ár.

3.9 Smiðjan Fönix ehf, Smiðjuvegur 6 Rífi, Snæfellsbæ. Leyfi fyrir vélaverkstæði auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugaemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.

3.10 Skagaverk ehf. Faxabraut 11, Akranesi. Leyfi fyrir viðgerðaraðstöðu eigin véla auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.

- 3.11 Skóflan hf, Faxabraut 9, Akranesi. Leyfi fyrir viðgerðaraðstöðu eigin véla auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.
- 3.12 Skagabón ehf, Faxabraut 3, Akranesi. Leyfi fyrir handvirka bón- og bílapvottastöð auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.
- 3.13 Sif Agnarsdóttir, Snyrti- og fótaaðgerðarstofa, Smiðjuvöllum 17 Akranesi. Leyfið gildir í 12 ár.
- 3.14 Ragnar og Ásgeir ehf, Snoppuvegi 1, Ólafsvík. Leyfi fyrir vörugeymslu og flutningamiðstöð. Gildir í 12 ár.
- 3.15 OR Vatns og fráveitur sf. Handhafabreyting vegna fráveitu á Akranesi. Fyrri rekstraraðili var Orkuveita Reykjavíkur. Samhliða handhafabreytingu er gildandi starfsleyfi framlengt um sex mánuði þar til endurnýjað starfsleyfi hefur verið gefið út, en eigi lengur en til 8. ágúst 2022. Nefndinni hefur borist fullnægjandi umsókn um endurnýjun starfsleyfis og er starfsleyfi fyrir hreinsistöðvarnar í vinnslu. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br
- 3.16 OR Vatns og fráveitur sf. Handhafabreyting vegna fráveitu á Borgarnesi. Fyrri rekstraraðili var Orkuveita Reykjavíkur. Samhliða handhafabreytingu er gildandi starfsleyfi framlengt um sex mánuði þar til endurnýjað starfsleyfi hefur verið gefið út, en eigi lengur en til 8. ágúst 2022. Nefndinni hefur borist fullnægjandi umsókn um endurnýjun starfsleyfis og er starfsleyfi fyrir hreinsistöðvarnar í vinnslu. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br

Tímabundin leyfi.

- 3.17 Stykkishólmsbær. Tímabundin leyfi fyrir áramóta- og þrettándabrennu við tjaldsvæðið í Stykkishólmi. Leyfin voru auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust.
- 3.18 Björgunarfélag Akraness. Tímabundið leyfi fyrir þrettándabrennu 6. janúar 2022. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust.

Tóbakssöluleyfi.

- 3.19 Samkaup hf. Nýtt tóbakssöluleyfi fyrir Krambúðina Akranesi, Garðagrund 1. Gildir til 10.01.2022 til 10.01.2026.
- 3.20 Clippers ehf, Skagabraut 43, Akranesi. Nýtt tóbakssöluleyfi. Gildir 18. janúar 2022 til 18. janúar 2026.
- 3.21 Flamingo company ehf, Stillholti 23, Akranesi. Nýtt tóbakssöluleyfi Gildir 1. febrúar 2022 til 1. febrúar 2026.

- 4. Umhverfisstofnun hefur auglýst tillögu að starfsleyfi Veiðifélags Ytri-Rangár, Húsafelli. Lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar þar sem upplýst er um ofangreinda tillögu. Sjá jafnframt meðfylgjandi hlekk: <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/01/28/Tillaga-ad-starfsleyfi-Veidifelgas-Ytri-Rangar-ad-Husafelli/>
Framkvæmdastjóra er falið að svara erindinu.

5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

Lögð fram tillaga heilbrigðiseftirlitsins að nýrri heilbrigðissamþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð. Samþykktin hefur verið unnin í samstarfi við Borgarbyggð.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við samþykktina.

6. Önnur mál.

- a. Kynnt að Heilbrigðiseftirlitið leggur til grein í bókina Ísland - Atvinnuættir og menning og verður þar með eina opnu í umfjöllun um opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Fundi slitið 11:50

SAMÞYKKT
um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

1. gr.
Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Borgarbyggð.

2. gr.
Skipulag og meðferð úrgangs.

Borgarbyggð ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og sér til þess að reknar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang samkvæmt lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

3. gr.
Markmið.

Markmið samþykktarinnar er:

- a) að lágmarka magn úrgangs sem fer til förgunar með því að draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu og endurnýtingu,
 - b) að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
 - c) að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem ber ábyrgð á myndun hans.
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.
Fyrirkomulag sorphirðu.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Vesturlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn ákveður tíðni söfnunar úrgangs í samráði við framkvæmdaaðila söfnunar. Sorphirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram kemur hvenær almennur heimilisúrgangur, lífrænn úrgangur og endurvinnanlegur úrgangur er hirtur frá heimilum.

Sveitarstjórn sér til þess að upplýsingar með fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun séu aðgengilegar t.d. á vefsíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Vesturlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

5. gr.
Íbúðarhúsnæði.

Íbúum og húsráðendum í Borgarbyggð er skylt að flokka allan úrgang frá heimilum í þrjá grunnflokka; almennan heimilisúrgang, endurvinnanlegan úrgang og lífrænan úrgang.

Borgarbyggð útvegar og á sorpilát sem húsráðendum er skylt að nota. Húsráðendur skulu annast frágang á sorpilátum á lóð þannig að ekki þurfi að draga þau lengra en 20m að lóðarmörkum/aðkomu söfnunarbíls.

Sé fyrirséð að ílátin yfiryllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum á sinn kostnað. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á gámasvæði sveitarfélagsins og greitt fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá Borgarbyggðar um meðhöndlun úrgangs.

Annar úrgangur frá íbúðarhúsnæði skal skila á gámasvæði sveitarfélagsins.

6. gr.

Fristundahúsnæði.

Húsráðanda frístundahúss er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Húsráðandi ber ábyrgð á að skila úrgangi á gámasvæði sveitarfélagsins.

7. gr.

Atvinnustarfsemi.

Rekstraraðilum fyrirtækja, stofnana, bújarða eða býla er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi við lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Þeir bera ábyrgð á því að úrgangur sem til fellur í starfsemi þeirra sé meðhöndlaður í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim og skulu standa straum af kostnaði vegna þess. Samkomulag um söfnun, aðra meðferð og förgun úrgangs er á milli húsráðanda atvinnuhúsnæðis og framkvæmdaaðila söfnunar.

Sveitarfélagið sér um söfnun á dýrahæjum og kemur þeim til förgunar. Söfnun dýrahæja fer þannig fram að keyrt er heim á bæi vikulega eða í annarri hverri viku að undangenginni ósk notanda um hirðingu hverju sinni. Notendur skulu sjá til þess að hægt sé að losa hræin í söfnunarilát framkvæmdaraðila. Enn fremur sér sveitarfélagið um söfnun á rúlluplasti. Rúlluplasti er safnað að jafnaði annan hvern mánuð og skulu notendur ganga frá plastinu í samræmi við fyrirmæli framkvæmdaraðila söfnunar þannig að hún gangi sem best og að verðmæti rúlluplasts til endurvinnslu sé sem mest.

Rekstraraðilar sem eru með starfsemi á afréttum eða hálendi Borgarbyggðar skulu sjá svo um að heimilísúrgangur sé flokkaður í grunnflokka samkvæmt samþykkt þessari. Þeir skulu flytja allan úrgang til byggða og skila á gámasvæði sveitarfélagsins á eigin kostnað.

Sorpílát og umgengni við þau, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Staðsetning gáma fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar.

8. gr.

Frágangur heimilísúrgangs.

Í sorpílát fyrir heimilísúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta spilliefni, garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma sem ætluð eru fyrir almennan heimilísúrgang. Annan úrgang eiga húsráðendur að losa á gámasvæði sveitarfélagsins. Það á t.d. við um ýmsan byggingarúrgang, úr sér gengin húsgögn eða raftæki.

Húsgögnum, fatnaði, húsbúnaði og öðru nýtanlegu skal leitast við að koma í þar til gerða móttöku á gámasvæði sveitarfélagsins.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

9. gr.

Skuldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarfélaginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs.

Sérhverjum húseiganda eða umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) í sveitarfélaginu, hvort sem um er að ræða íbúðar- eða frístundahúsnæði, er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður.

Setja skal allan úrgang í viðeigandi sorpílát en að öðrum kosti er framkvæmdaaðila söfnunar heimilt að skilja hann eftir. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Sorpílát skulu vera aðgengileg fyrir framkvæmdaaðila söfnunar og staðsett mest 20m frá lóðarmörkum/aðkomu söfnunarbíls. Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að sorpgeymslum og ílátunum og moka skal snjó frá þeim á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Úrgang má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurvinnslu eða endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.

Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, sorp, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, vélar eða önnur tæki. Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslsvæði fyrir númerslausar bifreiðar, vélar eða önnur tæki sem tilheyra viðkomandi lögbýli og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki.

10. gr.

Gámasvæði.

Gámar fyrir almennan heimilisúrgang, endurvinnsluúrgang, raftæki, garðaúrgang, grófan úrgang, timbur, málm, steinefni, hjólbarða, ökutæki, nytjahluti og spilliefni eru staðsettir á gámasvæði sveitarfélagsins við Sólbakka 12 í Borgarnesi. Gámasvæðið er ætlað undir úrgang frá heimilum og frístundahúsum.

Rekstraraðilum er heimilt að losa rekstrarúrgang á gámasvæðið í Borgarnesi enda greiða rekstraraðilar sorpeyðingargjald í samræmi við magn úrgangs, sbr. 11. gr.

Allur úrgangur, hvort sem er frá heimilum, frístundahúsum eða rekstraraðilum, sem ekki er heimilt að setja í sorpílát fyrir almennan heimilisúrgang, ílát fyrir endurvinnsluefni eða ílát fyrir lífrænan úrgang skal fluttur á gámasvæðið.

Á gámasvæði er gerð krafa um flokkun úrgangs og er notendum skylt að fara eftir þeirri flokkun. Úrgangur skal flokkaður við móttöku samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins.

11. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við ákvörðun gjaldsins skal miða við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda sorphirðuíláta, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpíláta og/eða þjónustustig. Gjald fyrir móttöku úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er innheimt samkvæmt magni úrgangsins. Gjald má aldrei vera hærra en þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 2. ml. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, frístundahús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Heimilt er að leggja aukasorpgjöld á lögbýli, fyrirtæki eða stofnanir eftir magni úrgangs frá viðkomandi aðila á gámasvæði samkvæmt mati sveitarfélagsins eða samkomulagi við viðkomandi.

Heimilt er að leggja sérstakt gjald á eigendur lögbýla sem halda búfé á jörð sinni vegna söfnunar og förgunar dýraleifa. Gjaldið skal aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til vegna þjónustunnar.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

12. gr.

Brot á samþykktum, kvartanir og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við skrifstofu Borgarbyggðar eða til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal framkvæmdaaðili söfnunar tilkynna það til skrifstofu Borgarbyggðar, sem skora skal á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húsráðandi ekki úr innan ákveðins tíma er framkvæmdaaðili söfnunar ekki skyldugur til að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um ítrekað brot að ræða skal skrifstofa Borgarbyggðar tilkynna það til Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

13. gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 660/2016 um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

Umhverfis – og auðlindaráðuneytinu, XX. XX.2022

F.h.r.



199. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. jan. 2022, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson, Valdís Einarsdóttir og Sigurður Halldór Árnason. Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Anna Hallgrímsdóttir (AH)

Formaður setti fund kl. 10.30

Fundargerð 198. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Tillaga að deiliskipulagi Súgandiseyjar í Stykkishólmsbæ

Erla Friðriksdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir engar athugasemdir við deiliskipulagið. Deiliskipulagið stangast ekki á við Verndaráætlun Breiðafjarðar.

Ábendingar og fyrirspurn frá Alberti Páli Sigurðssyni varðandi Verndaráætlun Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar ábendingar og telur að ef rétt er staðið að verkinu er ekkert sem mælir gegn því að Ólafsbrunnur verði endurreistur í samráði við ábúendur og Minjastofnun.


Umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Afgreiðsla:

Ekki fjallað um verndarsvæði Breiðafjarðar. Mætti vera betri útlistun á verndarsvæðinu í vinnslutillögunni.

Landvarsla við Breiðafjörð

Frestað til næsta fundar.



Endurskoðun á Verndaráætlun Breiðafjarðar

Vinna er hafin á Verndaráætluninni. Sigurður gerði grein fyrir vinnunni.

Afgreiðsla:

Náttúrustofunnar beðnar um að forgangsraða verkefnum í verndaráætlun.

Fjármál Breiðafjarðar

Farið yfir fjármál nefndarinnar og fjárhagsáætlun.

Afgreiðsla:

Ritari fær nákvæma tölu fyrir samning við NSV vegna ritara.

Önnur mál

Spurningar um stýrihóp fyrir Framtíð Breiðafjarðar. Rætt var um stöðu stýrihóps fyrir framtíð Breiðafjarðar.

Afgreiðsla

Ritari upplýsir nefndarmenn um gang mála á næsta fundi.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 15. febrúar á Teams, kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11.15.



166 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 26 janúar 2022 kl.09.30 á Teams.

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Davíð Sigurðsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Atli Svansson. Rögnvaldur Ólafsson mætti í forföllum Björns Hilmarssonar. Brynja Þorbjörnsdóttir boðaði forföll og Daníel Ottesen varamaður hennar hafði ekki tæk á að mæta. Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri Akraneskaupstaðar sat fundinn undir lið 15. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundinn og ritaði fundargerð

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.30

1. Fundargerð 165 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 165 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Verkefnið Brothætt byggð

Lögð fram drög að samningi á milli Byggðastofnunar, Dalabyggðar og SSV um verkefnið Brothætt byggð í Dalabyggð. Stjórn samþykkti samninginn, auk þess sem hún samþykkti samning um umsýslu SSV með verkefnatengdum fjármunum. Loks samþykkti stjórn að skipa þá Ólaf Sveinsson fagstjóra atvinnu- og byggðaþróunarsviðs SSV og Pál S. Brynjarsson framkvæmdastjóra í verkefnisstjórn

3. Ráðstefna um sameiningar sveitarfélaga

Rætt um tímasetningu og dagskrá á fyrirhugaðri ráðstefnu SSV um sameiningar sveitarfélaga. Stjórn samþykkti að fresta ráðstefnunni fram yfir sveitarstjórnarkosningar.

4. Breytingar á lögum um barnaverndarþjónustu

Lagt fram minnisblað til kynningar frá fundi SSV og sveitarfélaganna á Vesturlandi um áhrif breytinga nýrra laga um barnavernd á barnaverndarþjónustu á Vesturlandi.

5. Aðalfundur SSV

Aðalfundur SSV mun fara fram miðvikudaginn 16 mars n.k. Rætt var um fyrirkomulag á kosningu stjórnar í kjölfar sveitastjórnarkosninga. Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um mögulega breytingu á samþykktum SSV varðandi kosningu stjórnar á kosningaári til sveitarstjórna.

6. Breiðafjarðarverkefnið

Stjórn SSV hefur skrifað undir samning við umhverfisráðuneytið um verkefni um verndun Breiðarfjarðar og eflingu byggða við fjörðinn. Framkvæmdastjóri kynnti að vonast er til þess að verkefnið fari af stað í febrúar.

7. Öldrunarþjónusta á Vesturlandi

Lögð fram skýrsla vinnuhóps um öldrunarþjónustu á Vesturlandi og tillögur að frekari aðgerðum. Jafnframt var kynnt skýrsla KPMG um rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að boða til kynningarfundar um efni skýrslanna í byrjun febrúar fyrir sveitastjórnarfólk og aðra hagaðila.

8. Erindi frá Háskólanum á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Lagt fram bréf frá Háskólanum á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem óskað er eftir að veitt verði fjármagni til stofnunar Nýsköpunar- og þróunarseturs Bifrastar og LBHÍ. SSV er aðili að yfirlýsingu um stofnun setursins. Stjórn SSV samþykkti að verða við erindinu og verður 4 m.kr. úr áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands, nýsköpun og frumkvöðlar, veitt til verkefnisins.

9. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands

Lögð fram tillaga að áhersluverkefnum fyrir Sóknaráætlun Vesturlands árið 2022. Tillagan er unnin með hliðsjón af umræðum á fundi samráðsveitvangs Sóknaráætlunar Vesturlands. Stjórn samþykkti að veita samtals 15 m.kr. til verkefnanna; Nýsköpun og frumkvöðlar, Efling öldrunarþjónustu og Matarauður Vesturlands sem hafa verið í gangi að undanfögnu. Framkvæmdastjóra var síðan falið að vinna áfram að skilgreiningu á nýjum verkefnum

10. Byggðaáætlun; verkefnið C1

Rætt um umsókn frá SSV í verkefnið C1 „Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða“. Umsóknin snýr að vinnu Stykkishólmsbæjar að eflingu atvinnulífs í kjölfar þess að fyrirtækið Ágústsson sagði upp á fjórða tug starfsmanna sumarið 2021. Opnað hefur verið fyrir umsóknir og er umsóknarfrestur til 28 febrúar n.k. Alls eru til úthlutunar 120 m.kr. Drög að umsókn verða send til kynningar hjá stjórn SSV.

11. Ferðamálaráð Vesturlands

Lögð fram tillaga að samþykktum fyrir Ferðamálaráð Vesturlands og skipan fyrstu stjórnar. Stjórn samþykkti tillögu að samþykktum fyrir Ferðamálaráð Vesturlands, auk þess sem tillaga að skipan stjórnar var samþykkt.

12. Áhrif Covid 19 á skólastarf

Lagt fram minnisblað um áhrif Covid 19 á skólastarf og aukið álag á skólastjórnendur og starfsmenn vegna skipulagningar skólastarfs þegar upp koma veikindi. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

„Stjórn SSV beinir því til Sambands íslenskra sveitarfélaga að standa vörð um endurkröfurétt sveitarfélaga á hendur ríkinu vegna mögulegs launakostnaðar sem hlotist hefur vegna vinnu skólastjórnenda, sem að öllu jöfnu hefðu átt að vera á höndum rakningarteymis Almannaþingarinnar.“

13. N4- Að vestan

Framlagt erindi frá sjóvarpsstöðinni N4 þar sem óskað er eftir stuðningi frá SSV við þættina „Að vestan“. Stjórn samþykkt að veita 400.000 kr. í stuðning við þáttagerðina.

14. Innviðir á Vesturlandi

Rætt um rafmagnsleysi, símasambandsleysi og slæmt ástand vega á Fellsströnd, Skarðsströnd og í Saurbæ í Dalabyggð. Stjórn SSV samþykkti eftirfarandi bókun;

„Stjórn SSV lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu innviða á Fellsströnd, Skarðsströnd og í Saurbæ í Dalabyggð.“

Nauðsynlegt er að stjórnvöld ráðist hið fyrsta í endurbætur á raflínum á svæðinu til þess að tryggja afhendingaröryggi rafmagns, en tíðar bilanir hafa skapað ýmiskonar erfiðleika og öryggisleysi fyrir íbúa. Ljóst er að línur á svæðinu eru komnar til ára sinna og nauðsynlegt að koma raflínum í jörð og það verkefni þolir enga bið. Jafnframt er nauðsynlegt að á þessu ári verði farið í þrífösun á rafmagni til þess að tryggja starfsemi mjólkurbúa og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu.

Þá hefur símasambandsleysi, í kjölfar bilunar á ljósleiðara, skapað mikið óöryggi fyrir íbúa en bið eftir viðgerð var löng og ljóst að íbúar í dreifðu byggðum geta átt von á því að bíða í fleiri daga eftir lagfæringum frá þjónustuaðila. Á vissum svæðum í Dalabyggð er staða á farsímasambandi það slæm að símasamband er ekki til staðar ef ljósleiðari fer út. Íbúar hafa fengið þau svör frá fjarskiptafyrirtækjum að það sé of kostnaðarsamt að bæta farsímasamband vegna þess hve fáir íbúar eru. Þá má líka benda á að íbúar geti ekki nýtt rafræn skilríki því farsímasamband er það slæmt að innskráningartími er útrunninn þegar svar berst gegnum síma. Þetta er ekki boðlegt í nútíma samfélagi.

Loks áréttar stjórn SSV mikilvægi þess að ráðist verði í endurbætur á veginum um Fellsströnd og Skarðsströnd og framkvæmdir við lagningu bundins slitlags hefjist sem fyrst.“

15. Stafræn þróun sveitarfélaga

Á fundinn mætti Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri á Akranesi og formaður Stafræns ráðs Samtaka íslenskra sveitarfélaga og kynnti vinnu ráðsins. Stjórn lét í ljós ánægju með verkefnið Stafræn sveitarfélög og þakkaði þá góð vinnu sem unnin hefur verið af ráðinu og starfsfólki þess.

16. Sundabraut

Stjórn ræddi nýútkomna skýrslu um félagshagfræðilega greiningu á samfélagslegri arðsemi Sundabrautar. Í kjölfar umræðu bókaði stjórn eftirfarandi:

„Starfshópur um Sundabraut hefur skilað innviðaráðherra og borgarstjóra félagshagfræðilegri greiningu á samfélagslegri arðsemi Sundabrautar. Þar kemur skýrt fram að Sundabraut er samfélagslega mjög arðbær framkvæmd og er arðsemi áætluðu um 200 milljarða. Mestur ábati felst í minni akstri, útblæstri og mengun sem og styttri ferðatíma vegfarenda vegna styttri leiða til og frá höfuðborgarsvæðinu. Heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu gæti minnkað um 150 þúsund km á hverjum sólarhring við opnun Sundabrautar.

Stjórn SSV skorar því á ríkisstjórn og borgarstjórn Reykjavíkur að hefja nú þegar vinnu við gerð umhverfismats og nauðsynlegra breytinga á aðalskipulagi til að tryggja að Sundabraut verði tekin í notkun eigi síðar en árið 2030. Jafnframt er mikilvægt að Sundabraut verði lögð alla leið á Kjalarnes í einni framkvæmd. „

17. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál

18. Framlögð mál

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
- b. Fundargerð frá Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál

Fundi slitið kl. 12.50

Fundargerð 441. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 21. janúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 440. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 440. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 3. desember 2021.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta staðfundi.

Ólafur Snorrason kom inn á fundinn kl. 11:50.

2. Mengunarvarnarbúnaður hafna - 2111003HA

Sigríður Kristinsdóttir sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu og svaraði spurningum stjórnarmanna.

3. Ósk um samstarf um upplýsingagjöf varðandi loftslagsmál - 2201001HA

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir samstarfi um upplýsingagjöf varðandi loftslagsmál.

Stjórn tekur jákvætt í verkefnið og felur formanni að vera tengiliður vegna þess.

4. Tólf hnútar verkefni - boð um þátttöku - 2112001HA

Lagt fram til kynningar verkefnið 12 Hnútar, sem Hafnasamband Íslands er aðili að, en Samgöngustofa er ábyrgðaraðili fyrir verkefninu sem snýr að því að auka meðvitund og umræðu um öryggismál sjómanna.

5. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - 2112002HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 17. desember 2021, um áform um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

6. Úttekt á gjaldskrárum hafna og þróun þeirra - 2201002HA

Formaður ræddi hugmynd um úttekt á stöðu gjaldskrármála og hvar íslenskra hafnir standa miðað við þróun og skipan þessara mála í nálægum löndum sem dæmi hvað varðar vörugjöld og gjaldflokaskráning, bryggju- og viðlegugjöld, gjaldskráliði tengda umhverfisþáttum, leigugjöld fyrir búnað vegna rafvæðingar og tenginga og útselda vinnu við ýmis tilfallandi störf hafnarstarfsmanna.

Stjórn tekur jákvætt í að láta gera úttekt á þessum málum. Ákveðið að vinna málið áfram og taka upp á næsta stjórnarfundi.

7. Hafnasjóður Norðurþings mál nr. E-46-2020 - 2111002HA

Lagður fram að nýju dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra, Hafnasjóður Norðurþings gegn Gentle Giants-Hvalaferðum ehf., mál nr. E-46/2020. Formaður sagði frá stöðu mála en búið er að áfrýja dómnum.

8. Tekjur og gjöld hafnasjóða vegna fiskeldis - 2009008HA

Rebekka gerði grein fyrir stöðu mála í Vesturbyggð og upplýsti hún um að fyrirtaka vegna aflagjaldamálsins er á mánudaginn og reiknað er með að aðalmeðferð fari fram í apríl.

9. Frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál - óskað umsagnar - 2201003HA

Lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál.

Samþykkt að fela formanni og Bryndísi Gunnlaugsdóttur að ganga frá umsögn um málið.

Fundi var slitið kl. 13:30

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 442. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 18. febrúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2022 - 2110003HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 441. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 21. janúar 2022.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta staðfundi.

2. Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 - 2112002HA

Lúðvík Geirsson, formaður og Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins gerðu grein fyrir fundi sem þau áttu með ráðuneytinu um málið. Á þeim fundi kom fram að fyrirhugað sé að þær tillögur sem birtust í frumvarpi um breytingu á hafnalögum síðastliðið þing verði með samskonar móti í þessu frumvarpi. Einnig eru nokkrar aðrar tillögur um breytingar m.a. varðandi skilgreiningar á stærð og afmörkun hafnarsvæða á sjó.

Það er mat stjórnar HÍ að hér sé um stórt mál að ræða varðandi ábyrgð, hagsmuni og stöðu einstakra hafnarsvæða og því mikilvægt að gefinn sé rýmri tími til að yfirfara og meta þau atriði frá öllum hliðum, áður en frekari tillögur eru útfærar í þessum efnum.

3. Vorfundur 2022 - 2202002HA

Rætt um fyrirhugaða vorferð og er starfsmanni falið að hefja undirbúning.

4. Óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaelði - 2202001HA

Lagt fram erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 9. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaelði, 93. mál.

Stjórn hafnasambandsins leggur höfuðáherslu á að hafnir og sveitarfélög eigi fulltrúa í þeim starfshóp sem lagt er til að fjármála- og efnahagsráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi.

5. Orkuskipti á höfnum - 2112002HA

Formaður gerir grein fyrir fundi með ráðuneytum, orkusjóði og Orkuveitum en á fundinum var rætt um hafnastarfsemi og orkuskipti á sjó. Niðurstaða fundarins var að það væri brýnt að forgangsraða verkefnum og tengja við styrkjaferli. Að lagaramminn verði tekinn til skoðunar með tilliti til umhverfisþátta og skoða norræna löggjöf hvað þetta varðar. Einnig var rætt að það væri mikilvægt að skoða hvernig framkvæmdir, rekstur og umsýsla þessara mála er hjá öðrum þjóðum.

6. Orkustofnun - Verkefnið Nordmar Ports - 2202003HA

Lagt fram erindi Orkustofnunar, dags. 9. febrúar 2022, um verkefnið Nordmar Ports.

Samþykkt að fá aðstoð frá sérfræðingum Faxaflóahafna við að svara erindinu.

7. Úttekt á gjaldskrármálum - 2201002HA

Formaður tekur aftur upp mál sem var rætt á seinasta stjórnarfundum um úttekt á stöðu gjaldskrármála og hvar íslenskra hafnir standa miðað við þróun og skipan þessara mála í nálægum löndum.

Stjórn Hafnasambandsins samþykkir að unnin verði úttekt á stöð gjaldskrármála hjá aðildarhöfnum hafnasambandsins og í þeim efnum m.a. litið til þróunar og skipan þessara mála í nálægum löndum.

Sérstaklega verði horft til:

- þróunar varðandi vörugjöld og gjaldflokkaskráningu,
- bryggju og viðlegugjöld,
- gjaldskrárliði tengda umhverfisþáttum
- leigugjöld fyrir búnað vegna rafvæðingar og tengingar
- útselda vinnu við tilfallandi störf
- önnur atriði

Formanni veitt heimild til að semja við ráðgjafa til að vinna þessa úttekt. Gert er ráð fyrir að niðurstöður hennar liggi fyrir og verði kynntar á hafnasambandsþingi komandi hausti.

8. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA

Lúðvík Geirsson, Rebekka Hilmarsdóttir og Björn Arnaldsson sem eru í undirbúningsnefnd fyrir þingið gera grein fyrir stöðu mála, en þingið verður haldið í Ólafsvík 27.-28. október 2022.

9. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009020HA

Guðmundur M. Kristjánsson gerði grein fyrir fundi sem hann og Pétur Ólafsson áttu með Fiskistofu fyrir jóla. Þar var rætt um fjarvigtun og var samtalið að hans sögn gott og er í vinnslu hjá Fiskistofu. Ekki hefur verið boðað til næsta fundar til að ræða málið áfram.

10. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2021 - 2202004HA

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2021.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5.mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

11. Tólf hnútar verkefni - 2112001HA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Samgöngustofu, dags. 11. febrúar 2022, þar sem veggspjald nr. 2 í 12 hnúta verkefninu er kynnt.

Fundi var slitið kl. 12:45 en næsti fundur verður haldinn 1. apríl nk. í húsnæði Faxaflóahafna.

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 906. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 4. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Raket Óskarsdóttir.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir mætti á fundinn í hennar stað. Bjarni Jónsson, Heiða Björg Hilmisdóttir og Eyþór Laxdal Arnalds boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn í þeirra fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Formaður lagði til að kjarasamningur við Félag íslenskra hljómlistarmanna yrði tekinn á dagskrá með afbrigðum en skrifað var undir hann 3. febrúar 2022. Var það samþykkt samhljóða og er fjallað um málið í fundarlið 8.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 904. og 905. - 2201008SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 904. og 905. fundar stjórnar sambandsins frá 10. desember 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundum sem verður staðfundur.

2. Jónsmessunefnd - 2101016SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. desember 2021 og 12. janúar 2022. Einnig lagt fram vegna 4. liðar fundargerðar frá 12. janúar, erindisbréf samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um stafræna þjónustu hins opinbera, dags. 12. janúar 2022.

3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lagðar fram fundargerðir 69. og 70. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 10. desember 2021 og 7. janúar 2022. Gerð var sérstaklega grein fyrir stöðu PAYT verkefnisins og samningum um stuðningsverkefni því tengdu.

Vegna bókunar við 3. lið fundargerðar frá 7. janúar 2022 um úrgangsstjórnun samþykkir stjórn eftirfarandi:

Stjórnin lýsir mikilli ánægju með þau stuðningsverkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í og telur afar jákvætt að ráðuneytið hyggist á þennan hátt styðja við innleiðingu fyrirhugaðra breytinga á vettvangi úrgangsstjórnunar sveitarfélaga.

Vegna bókunar við 3. lið fundargerðar frá 10. desember 2021 um úrvinnslugjald samþykkir stjórn eftirfarandi:

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að tryggja að kostnaður sveitarfélaga sem úrvinnslugjald skal standa undir skili sér alla leið til sveitarfélaga en ekki sé alltaf gengið út frá því að það fari fyrst til þjónustuaðila eins og í dag. Þannig verði tryggt að sveitarfélög fái sannarlega þann kostnað bættan er úrvinnslugjald skal standa undir. Á það við um kostnað vegna sérstakrar söfnunar sem og annan kostnað sveitarfélaga er úrvinnslugjald skal standa undir.

4. Fræðslumálanefnd - 2009079SA

Lagðar fram fundargerðir 137. og 138. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. desember 2021 og 12. janúar 2022.

Vegna bókunar við 3. lið um leikskólamáli í fundargerð fræðslumálanefndar frá 8. desember samþykkir stjórn sambandsins eftirfarandi:

Stjórnin telur mikilvægt að sambandið nái sem fyrst fundi með nýjum mennta- og barnamálaráðherra og setji hann inn í stöðu leikskólamála eins og þau blasa við sveitarfélögum. Eigi leikskóli að loknu fæðingarorlofi að verða raunhæfur möguleiki þarf að taka á ýmsum hliðum málsins er lúta að framtíðarskipan leikskólastigsins m.t.t. mönnunar, lagaumhverfis, menntunar, starfsþróunar o.fl. Ljóst er að það er þörf á nýju uppleggi inn í umræðuna og mikilvægt að hún festist ekki í reiptogi milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun. Þá sé jafnframt mikilvægt að kortleggja þá jákvæðu þróun sem orðið hefur á leikskólastiginu undanfarin ár undir dyggri forystu sveitarstjórna.

Vegna bókunar við 1. lið um Seesaw málið í fundargerð fræðslumálanefndar frá 12. janúar samþykkir stjórn sambandsins eftirfarandi:

Stjórnin leggur áherslu á að hraðað verði vinnu við breytingar á grunnskólalögum, sem hafi það að markmiði að skýra heimildir grunnskóla til að nota stafrænar lausnir í skólastarfi. Finna þarf leiðir til að styðja við stafræna þróun í skólastarfi, innan marka persónuverndarlöggjafarinnar.

5. Fundargerð Jafnlaunastofu - 2201043SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar stjórnar Jafnlaunastofu frá 10. janúar 2022.

6. Kjaramálanefnd - 2009595SA

Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 28. og 29. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 11. og 27. janúar 2022.

7. Staða kjaramála - 2109025SA

Lagt fram sem trúnaðarskjál minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 1. febrúar 2022, um stöðu kjaramála í febrúar 2022.

8. Kjarasamningur - 2108010SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna, dags. 3. febrúar 2022, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við Félag íslenskra hljómlistarmanna.

9. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2021 - 2201026SA

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

10. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins - 2201025SA

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

11. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2201028SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2022, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022.

12. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins - 2201027SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021.

13. Framkvæmdir í Borgartúni 30 - 2009436SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 2. febrúar 2022, um endurhönnun og framkvæmdir í Borgartúni 30. Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerði grein fyrir málinu.

Stjórn sambandsins samþykki tilboðið í framkvæmdina frá fyrirtækinu Lalla lagara milli funda og er gert ráð fyrir kostnaði vegna þess og annarra verka í fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2022. Í minniblaðinu kemur fram að á meðan framkvæmdum stendur hefur starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga færst upp tvær hæðir, en búið er að leigja hluta af efstu hæðinni í Borgartúni 30 fyrir það starfsfólk sem vill ekki eða getur ekki unnið heima á meðan framkvæmdum stendur. Flest starfsfólk sambandsins mun þó sinna vinnu sinni heiman frá. Á meðan á framkvæmdatíma stendur verður leigð aðstaða fyrir stjórnarfundu utan húsakynna sambandsins við Borgartún.

14. Málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 2105039SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal stöðuskýrsla verkefnisstjórnar um fýsileika tilfærslu verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá sveitarfélögum til ríkis, dags. 20. janúar 2022. Einnig lögð fram ályktun frá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar frá 6. janúar 2021, varðandi starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Gerð er tillaga um að Jón Páll Hreinsson, varamaður í stjórn Innheimtustofnunar, verði aðalmaður í stað Garðars Jónssonar, og Valgerður Rún Benediktsdóttir verði varamaður í stjórn stofnunarinnar.

Stjórn sambandsins ítrekar fyrri afstöðu, sem fram hefur komið af hennar hálfu frá upphafi þess að hún hvatti til endurskoðunar starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga, að tryggt verði að áfram verði starfsstöð á Ísafirði sem sinni innheimtuverkefnum.

Samþykkt var tillaga um að Jón Páll Hreinsson, varamaður í stjórn Innheimtustofnunar, verði aðalmaður í stað Garðars Jónssonar, og Kristín Ólafsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, verði varamaður í stjórn stofnunarinnar.

15. Stefna um notkun skýjalausna - 2112033SA

Lagt fram minnisblað leiðtoga stafræns þróunarteymis og breytingastjóra á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, dags. 25. janúar 2022, um stefnu um notkun skýjalausna, ásamt stefnunni.

Stjórnin samþykkir að sambandið gerist aðili að stefnu um notkun skýjalausna.

16. Stefnumörkun sambandsins 2022 - 2009376SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 31. janúar 2022, um hugmynd að fundum með sveitarstjórnarmönnum til undirbúnings stefnumótunarvinnu á landsþingi sambandsins í september 2022, ásamt fylgiskjali.

Einnig lagt fram mat á núverandi stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022.

Samþykkt að halda þessari vinnu áfram á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

17. Skipun í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 2009213SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 13. desember 2021, varðandi skipun tveggja aðalmanna í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

18. Tilnefning í stjórn Sprotasjóðs leik-, grunn- og framhaldsskóla - 2112021SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 29. desember 2021, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í stjórn Sprotasjóðs leik-, grunn- og framhaldsskóla, og er Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

19. Tilnefning í starfshóp um póstkosningar - 2112010SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. desember 2021, þar sem Helga Björk Laxdal, Skrifstofustjóri borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um greiningu á póstkosningu ríkisborgara erlendis í almennum kosningum.

20. Tilnefning í úrskurðarnefnd kosningamála - 2112015SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. desember 2021, þar sem Unnar Stein Bjarndal, bæjarlögmaður Reykjanesbæjar, og Svanfríður Jónasdóttir, ráðgjafi og fyrrum bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, eru tilnefnd í úrskurðarnefnd kosningamála. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

21. Tilnefning í starfshóp um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar - 2112009SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. desember 2021, þar sem Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, og Fjóla Valborg Stefánsdóttir, oddviti Grýtubakkahrepps, eru tilnefnd í starfshóp um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

22. Tilnefning í landskjörstjórn - 2112032SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. desember 2021 þar sem Magnús Karel Hannesson, fv. oddviti, og Ebba Schram, borgarlögmaður Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd sem aðalmenn í landskjörstjórn, og Ágúst Sigurður Óskarsson, ráðgjafi í Þingeyjarsýslum, og Elín Ósk Helgadóttir, aðjúnkt við Lagadeild Háskólans í Reykjavík, eru tilnefnd sem varamenn.

23. Tilnefning í starfshóp sem kortleggur stöðu smáfarartækja - 2201006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 13. janúar 2022, þar sem Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi í Seltjarnarnesbæ, og Íris Róbertsdóttir, Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, eru tilnefnd í starfshóp sem kortleggur stöðu smáfarartækja. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

24. Endurtilnefning í stjórn Úrvinnslusjóðs - 2201036SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. janúar 2022, þar sem Áslaug Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, er tilnefnd í stjórn Úrvinnslusjóðs, í stað Bryndísar Gunnlaugsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem beðist hefur lausnar af setu í stjórninni.

25. Skipun í samráðsnefnd um stafræna þróun hins opinbera - 2201044SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 25. janúar 2022, þar sem Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns þróunarteymis og breytingastjóra á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samráðsnefnd um stafræna þróun hins opinbera, og Hrund Valgeirsdóttir, verkefnisstjóri í stafrænni umbreytingu á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, til vara.

26. Breyting á reglugerð nr. 230/2021 - 2112017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og reikningsskila- og upplýsinganefndar, dags. 22. desember 2021, varðandi reglugerð nr. 230/2021.

27. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands - 2112024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 6. janúar 2021, um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

28. Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir - almannavarnastig o.fl. - 2201049SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 2. febrúar 2022, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008, 181. mál.

29. Nýsköpunarvogin 2021 - 2009025SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 23. desember 2021, um Nýsköpunarvogina 2021.

30. Stefnumótunarnefndarfundur CEMR - 2009035SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. janúar 2022, um stefnumótunarnefndarfund CEMR í janúar 2022.

31. #játak - Verkefni C11 í byggðaáætlun - 2110012SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 31. janúar 2022, um #játak auglýsingaherferð til að hvetja til fjölbreytni í sveitarstjórnnum. Formaður vakti sérstaka athygli á mikilvægi þessa verkefnis.

Fundi var slitið kl. 15:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Rakel Óskarsdóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 907. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 25. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Haraldur Sverrisson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Bjarni Jónsson og Eypór Laxdal Arnalds boðuðu forföll og varamenn þeirra höfðu ekki tók á að sitja fundinn. Gunnar Einarsson boðaði forföll og Haraldur Sverrisson sat fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í ljósi atburða undanfarinna daga samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eftirfarandi bókun:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir einróma að taka undir yfirlýsingu Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, um að evrópskir sveitarstjórnarmenn fordæmi brot á sjálfstæði og sjálfræði Úkraínu og lýsi yfir stuðningi og samstöðu með sveitarfélögum í Úkraínu og íbúum þeirra. Sveitarfélagasambandið í Úkraínu er meðlimur í CEMR og undanfarin ár hefur átt sér mikil uppbygging í úkraínskum sveitarfélögum, með stuðningi evrópskra sveitarfélaga, til að efla sjálfsforræði þeirra og bæta þjónustu.

Stjórnin hvetur kjörna fulltrúa í íslenskum sveitarfélögum til að undirrita yfirlýsinguna.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 906. fundar - 22010085A

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 906. fundar stjórnar sambandsins frá 4. febrúar 2022.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta staðfundi stjórnar.

2. Samband íslenskra sveitarfélaga - ársreikningur 2021 - 22010265A

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021, sbr. 9. tölulið fundargerðar 906. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 með stafrænni undirritun sinni.

3. Bakhjarl sambandsins - ársreikningur 2021 - 2201025SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021, sbr. 10. tölulið fundargerðar 906. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2022, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 með stafrænni undirritun sinni.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 7. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 14. febrúar 2022.

5. Jónsmessunefnd - 2201005SA

Lögð fram 24. fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. febrúar 2022.

6. Staða kjaramála - 2109025SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. febrúar 2022, um stöðu kjaramála í febrúar 2022.

7. Samræmd móttaka flóttamanna - 2202022SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 22. febrúar 2022, um samræmda móttöku flóttafólks og menntun barna, ásamt bréfi frá Akureyrarbæ, Árborg, Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ og Reykjavíkurborg, dags. 10. febrúar 2022.

Guðmundur Ari Sigurjónsson kom inn á fundinn kl. 13:28.

8. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2022 - 2106040SA

Lögð fram samantekt hag- og upplýsingasviðs sambandsins um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2022.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 14:00.

9. Hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021 - 2202018SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 22. febrúar 2022, um hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021.

Mikla hækkun á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaga á árinu 2021 má að hluta til rekja til endurmats tryggingastærðfræðinga á forsendum um lífslíkur. Endurmatið tók raunar ekki gildi fyrr en 22. desember sl. Þegar fjármálaráðherra staðfesti tillögu félags tryggingastærðfræðinga að nýjum töflum um lífslíkur. Þetta kom sveitarfélögum algjörlega í opna skjöldu og höfðu þau engin tæk á að gera ráð fyrir þessu hvorki í sínum fjárhagsáætlunum né með samþykkt viðauka í tæka tíð.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga undrast þessi vinnubrögð ráðuneytisins og leggur ríka áherslu á að stjórnvaldsákvæðanir sem áhrif hafa á fjármál sveitarfélaga séu innleiddar með góðum fyrirvara og kynnt sveitarfélögum.

10. Niðurstöður vegna mönnunarviðmiða og innritunaraldurs í leikskóla - 2201020SA

Lagt fram minnisblað Valgerðar Freyju Ágústsdóttur, sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 8. febrúar 2022, um niðurstöður vegna mönnunarviðmiða og innritunaraldurs í leikskóla.

Stjórnin þakkar fyrir gagnlegar upplýsingar sem munu nýtast vel í viðræðum við mennta- og barnamálaráðuneytið um styrkingu leikskólastigsins.

11. Tilnefning í samstarfsnefnd um málefni aldraðra - 2201041SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 4. febrúar 2022, þar sem Lilja Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sveitarstjórnarfulltrúi og sveitarstjóri Rangárþings eystra, er tilnefnd sem aðalmaður í samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Hlutlæg ástæða þess að hún ein er tilnefnd er sérþekking hennar á viðfangsefnum nefndarinnar. Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, er tilnefndur sem varamaður hennar.

12. Tilnefning í starfshóp um þróun stafrænna verkfæra fyrir félagslegt vinnuumhverfi hjá Vinnumálastofnun - 2202009SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Vinnueftirlitsins, dags. 8. febrúar 2022, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins er tilnefnd í starfshóp um þróun stafrænna verkfæra fyrir félagslegt vinnuumhverfi hjá Vinnumálastofnun.

13. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra - 2202005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2022 þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalfulltrúi í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, og Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í starfshóp um umbætur á húsnæðismarkaði - 2202020SA

Lögð fram til kynningar tilnefning sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2022, þar sem Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Fannar Jónsson, bæjarstjóri Grindavíkur, eru tilnefnd í starfshóp um umbætur á húsnæðismarkaði.

15. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna - 2102029SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 3. febrúar 2022, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna (fjölgun mismunarþátta), nr. 85/2018, 168. mál.

16. Umsögn um drög að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks - 2202007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 7. febrúar 2022, um drög að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks, mál nr. S-10/2022.

17. Umsögn til starfshóps um Grænbók um orkumál - 2202001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. febrúar 2022, um erindi til starfshóps um Grænbók um orkumál, ásamt fylgiskjali.

18. Umsögn um frumvarp til laga um loftferðir - 2202011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. febrúar 2022, um frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál.

19. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - 2202028SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2022, um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 160. mál.

20. Umsögn um sóttvarnalög - 2202003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2022, um sóttvarnalög, mál nr. S-26/2022.

21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur - 2201051SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 18. febrúar 2022, um frumvarp til laga um breytingu á lögum stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 (Félagsdómur), 272. mál.

22. Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2202008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 21. febrúar 2022, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 34. mál.

23. Fundur með matvælaráðherra og stjórn Fiskeldissjóðs - 2111003SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 7. febrúar 2022, um punkta frá fundi með matvælaráðherra og stjórn Fiskeldissjóðs 7. febrúar 2022.

Fundi var slitið kl. 14:25

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Pór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari



Borgarnesi 18.02 2022

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 16 mars 2022. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 16 mars verður sem hér segir:

- Kl.09.30 Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
- Kl.10.15 Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
- Kl.11.15 Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
- Kl.12.15 Hádegisverður
- Kl.13.00 Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
- Kl.14.00 Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi


Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi sem kosnir eru af sveitarfélögum sem fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2021 verða send sveitarfélögum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í september 2021 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2022.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þennan dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna. Allir fulltrúar sem sitja fund Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands hafa atkvæðisrétt

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, reading "Páll S. Brynjarsson". The signature is written in a cursive style with a horizontal line at the end.

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV

Kristinn Jónasson

From: Kari Vidarsson <karividars@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 22. febrúar 2022 17:57
To: Kristinn Jónasson; Lilja Ólafardóttir
Subject: Formlegt bréf vegna Krossavíkurbáða
Attachments: 220220-Bæjarstjórn Snæfellsbæjar formleg beiðni vegna Krossavíkurbáða.docx;
220220-Bæjarstjórn Snæfellsbæjar formleg beiðni vegna Krossavíkurbáða.pdf;
Krossavík - Kynning - Bæjarstjórn.pdf

Heil og sæl,

Meðfylgjandi er formlegt erindi vegna Krossavíkurbáða. Við óskum þess að erindið verði tekið fyrir með formlegum hætti á næsta fundi bæjarstjórnar.

Einnig fylgir með kynning mín á verkefninu frá því á kynningarfundinum

--

Bestu kveðjur / Best wishes,
Kári Viðarsson, Actor & Artistic Director Of The Freezer
Tel: +354 8659432
www.thefreezerhostel.com

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Reykjavík, 22.2.2022

Málefni: Sjóböð í Krossavík, Hellissandi, Snæfellsbæ

Undirritaður, fh. aðstandenda undirbúningsfélags sjóbaða í Krossavík, óskar eftir afstöðu bæjaryfirvalda varðandi hugmynd um að koma upp sjóböðum í Krossavík vestarlega á aðalskipulagsupprætti fyrir þéttbýli á Hellissandi.

Undirbúningur sjóbaða við Krossavík hefur staðið um nokkurn tíma. Nú er svo komið að áhugi er á að taka næsta skref, sem felst í að taka upp formlegar viðræður við bæjarstjórn um svæðið sem kveikti áhuga okkar, ráðstöfun þess til verkefnisins, skipulag og framvindu næstu vikna.

Áform

Markmið undirbúningsfélagsins er að fá tilskilin leyfi til framkvæmdanna og fullgera viðskiptaáætlun um verkefnið og afla fjármagns til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Takist það verður stofnað hlutafélag með aðkomu fjárfesta sem fari í að undirbúa byggingu, síðar byggja og reka sjóböð í Krossavík við Hellissand. Sjóböð og önnur afþreying í tengslum við baðmenningu Íslands hafa unnið sér sess sem einn af eftirsóttari valkostum ferðamanna á Íslandi. Undirbúningsfélagið hefur unnið frumdrög að uppbyggingunni í Krossavík og gert viðskiptaáætlun sem kynnt hefur verið fulltrúum Snæfellsbæjar. Við erum við reiðubúin til að kynna þessi áform okkar frekar og í stærri hópi ef óskað er.

Til að áform okkar gangi eftir er mikilvægt að eiga gott samstarf við bæjarfélagið, nefndir þess og stofnanir.

Framvinda

Samkvæmt upplýsingum af fyrri fundum okkar, er ljóst að gera þarf breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag lóðar. Vænlegast er að vinna bæði skipulagsstigin samhliða til að vinna tíma. Einnig hefur komið fram að við gerum ráð fyrir að breyting aðalskipulags verði unnin af þeim sem unnið hafa aðalskipulag Snæfellsbæjar (Hús og skipulag ehf), en undirbúningsfélagið muni standa straum af gerð deiliskipulags.

Með bréfi þessu óskum við eftir að hefja samstarf við sveitarfélagið um þá vinnu sem framundan er. Hún felst ma. í eftirfarandi:

1. Undirbúa breytingu aðalskipulags.
2. Undirbúa gerð deiliskipulags. Ramma inn lóðina og úthluta.
3. Fornleifarannsóknir í samræmi við skipulagslög.
4. Samráð við umsagnaraðila.
5. Skoða innviði: Heitt og kalt vatn, rafmagn, frárennsli, úrgangsmál ofl.
6. Leyfismál; heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit, eldvarnareftirlit.

Við vonum að tekið verði jákvætt í þessa umleitan okkar og við getum átt farsælt samstarf um þetta áhugaverða verkefni.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð

Kári Viðarsson



Lionshreyfingin á Íslandi safnar fé á nokkurra ára fresti til góðra málefna undir merkinu „Rauða fjöðrin“. Nú hefur Lionshreyfingin og Blindrafélagið tekið höndum saman um átak til að tryggja framboð af leiðsöguhundum í landinu til nýrra notenda og til endurnýjunar þeirra hunda sem nú þegar eru til staðar.

Samstarf Lions og Blindrafélagsins byggir á gömlum merg enda hefur Lionshreyfingin stutt við blinda og sjónskerta með myndarlegum hætti víðs vegar um heiminn í liðlega 100 ára sögu hreyfingarinnar.

Í þessari landssöfnun Lionshreyfingarinnar undir merkjum rauðu fjaðrarinnar er það nýmæli að styrkþeginn, Blindrafélagið, kemur mun meira að verkefninu með virkri þátttöku en í fyrri söfnunum, enda er þörfin brýn. Söfnunin er upphafsátak í þriggja ára verkefni Blindrafélagsins um fjölgun leiðsöguhunda.

Blindrafélagið beitir sér fyrir því að tryggja félagsmönnum sínum aðgang að þjálfuðum leiðsöguhundum. Leiðsöguhundar eru gríðarlega öflugt hjálpartæki fyrir blint og verulega sjónskert fólk og veita þeir notendum mikið frelsi og aukid öryggi.

Notandi leiðsöguhunds öðlast frelsi til að komast um í umhverfi sínu, innan dýra sem utan á eigin forsendum. Hundarnir leiða notendur sína framhá hindrunum sem í vegi þeirra verða og þeir gæta þess til dæmis að notandinn fái ekki trjágreinar í andlitið þar sem þær slúta yfir gangstéttir. Þeir finna auð sæti fyrir notendur sína þar sem það á við sem og afgreiðsluborð. Þeir gera viðvart um tröppur og eru þjálfaðir til þess að finna ýmsa hluti svo sem lykla eða hanska sem notendur missa á ferðum sínum með hundinum. Því til viðbótar eru leiðsöguhundar ekki síður góðir félagar og mörg dæmi eru um að þeir hafi rofið félagslega einangrun notenda sinna og stuðlað þannig að virkari þátttöku þeirra í samfélaginu.

Beiðni þessi er liður í fyrsta hluta verkefnisins, þar sem að biðlað er til sveitarfélaganna í landinu um að leggja málinu lið með fjárframlagi við leggjum áherslu á að sem flestir taki þátt og átakið verði því þjóðaráttak, varðandi fjárhæð þá höfum við horft til kr. 50.000 til kr. 250.000. framlagi frá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Í framhaldinu verður leitað til fyrirtækja og að lokum til almennings með sölu á rauðu fjöðrinni. Þörfin er brýn.

Aukin lífsgæði og valdefling blindra og sjónskertra einstaklinga í þeirra daglegu athöfnum skilar sér margfalt til baka í virkari samfélagsþegn.

Reikningsnúmer söfnunarinnar er 0544-14-556440 kt. 640572-0869

Netfang raudfjodur@lions.is

Með fyrirfram þakklæti

Porkell Cýrusson

Fjölumdæmisstjóri Lions

Sigþór U. Hallfreðsson

Formaður Blindrafélagsins



Klettubúð 4, 360 Hellissandi

Kristinn Jónasson

Snæfellsbær

ISLAND 100
21-02-2022

Fullgild rafraen undirskrift

GÚSTAV ARON GÚSTAVSSON

2022-02-21 14:11:32 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON

2022-02-21 17:10:29 GMT

Ástæða: Undirskrift

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Til sveitarstjórnar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sólvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2022

Tilv.: IRN22020159/4.11.1

Efni: Almenn eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar. Í 79. gr. segir að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal nefndin hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Að auki gildir reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Með hliðjón af hlutverki EFS þá hefur nefndin sett sér starfsáætlun fyrir árið 2022 þar sem fram kom helstu áhersluatrið nefndarinnar fyrir árið. Nefndin telur mikilvægt að sveitarstjórnir séu upplýstar um áhersluatriði nefndarinnar til að hægt sé að hafa þau til hliðsjónar og er það gert með bréfi þessu. Á árinu 2022 verða eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar vegna eftirlits með fjármálum sveitarfélaga:

1. Yfirferð ársreikninga 2021 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
2. Yfirferð fjárhagsáætlunar 2022-2025 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
3. Yfirferð á endurskoðunarskýrslum 2021 en þar koma fram upplýsingar um fjármál og fjármálastjórn og lúta að hlutverki EFS í 79. gr. sveitarstjórnarlaga um almennt eftirlit með að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur.
4. Yfirferð á fjárhagslegum samskiptum milli A- og B-hluta.
5. Yfirferð á fjármálum A-hluta með tilliti til fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga og samspils við B-hluta fyrirtæki.
6. Yfirferð skuldbindingayfirlits og framsetning þess í ársreikning.

Vegna fjárfestinga minnir eftirlitsnefndin á ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Þar segir að áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um

fjárfestingu, framkvæmd eða aðrar skuldbindingar sem nema hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum er skylt að gera mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnir er jafnframt hvattar til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

Fyrir hönd ráðherra

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson

Kristinn Jónasson

From: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun <noreply@hms.is>
Sent: föstudagur, 18. febrúar 2022 14:01
To: Snæfellsbær
Subject: Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins í fyrri úthlutun ársins.



Stofnframlög

Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins í fyrri úthlutun ársins.

Umsóknarfrestur til 21. mars 2022.

Ágæti viðtakandi,

Hægt er að sækja um stofnframlög ríkisins á heimasíðu HMS og er umsóknum skilað inn á rafrænu formi. Nánari upplýsingar um stofnframlög má finna [hér](#).

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum mun að minnsta kosti fjórðungur þess fjármagns sem kemur til úthlutunar renna til bygginga eða kaupa á

húsnæði á vegum sveitarfélaga. Er það íbúðarhúsnæði sem sveitarfélög úthluta og ætlað þeim aðilum sem sveitarfélögum ber sérstök lagaskylda til að veita úrlausn í húsnæðismálum. Önnur félög en þau sem eru í eigu sveitarfélags geta fallið innan þessarar forgangsreglu að því gefnu að þau séu með samning við viðkomandi sveitarfélag um að íbúðirnar verði nýttar sem íbúðarhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og úthlutað í samræmi við reglur þess. Þá munu verkefni til uppbyggingar húsnæðis fyrir tekju- og eignalágra á vinnumarkaði hafa forgang til 2/3 hluta úthlutaðs fjármagns.

Að öðru leyti fer úthlutun stofnframlaga eftir mati á þörf fyrir íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæði og fyrir viðkomandi félagshópa.

Mikilvægt er fyrir umsækjendur og sveitarfélög þar sem sótt er um stofnframlög að hafa eftirfarandi þætti í huga vegna umsókna um stofnframlög:

- Skila þarf inn staðfestingu um veitingu stofnframlags af hálfu þess sveitarfélags þar sem almennar íbúðir verða staðsettar.
- Með ofangreindri staðfestingu þarf að fylgja staðfesting á fjárhæð og formi stofnframlags sveitarfélags, sjá [hér](#).

Hér má nálgast auglýsingu varðandi umsóknir um stofnframlög



[Skoða þennan tölvupóst í vafra](#)

Viltu breyta skráningu þinni?

Þú getur [uppfært þinar stillingar hér](#) eða [afskráð þig frá þessum pósti](#) hér.